



# Opinber stjórnsýsla

MPA og diplómanám

[stjornmal.hi.is](http://stjornmal.hi.is)



## MPA-námið greiðir þér leið

... og styrkir þig í starfi á fjölbreyttum og lifandi starfsvettvangi, jafnt hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga sem í starfi hjá félagasamtökum.

## Fjölbreyttur og reynslumikill hópur nemenda

Í MPA-náminu munt þú kynnst fólki með ólíka menntun og starfsreynslu sem á það sameiginlegt að vilja efla fræðilega og hagnýta þekkingu sína á sviði stjórnunar innan hins opinbera eða á sviðum sem því tengjast. Nemendur hafa starfað á öllum sviðum hins opinbera, ráðuneytum, stofnunum og sveitarfélögum. Þeir koma úr félags- og stjórnmálastarfi, auk þess að koma beint úr BA-námi. Í hópastarfi og þátttöku í kennslustundum miðla nemendur reynslu sinni og tengja við umfjöllun námskeiða. Nemendahópurinn og fjölbreytileg reynsla hans gefur því náminu verulegt gildi.

## Nám með starfi

Kennslutími námskeiðanna í opinberri stjórnsýslu er skipulagður með hliðsjón af því að auðvelda tímasókn fyrir fólk sem er í starfi, samhliða náminu. Undantekningalítið eru námskeið ýmist kennd frá kl. 8-10 eða kl. 16-18, einu sinni í viku. Einnig er komið til móts við fólk sem búsett er á landsbyggðinni eða erlendis með því að bjóða í fjarnámi a.m.k. þrjú til fjögur námskeið á misseri. Stöku námskeið eru eingöngu kennd í fjarnámi.

## MPA-meistaránám í opinberri stjórnsýslu

Námið er 120 einingar og er opið öllum með BA- eða BS-próf eða sambærilegt próf, en að öllu jöfnu er gerð krafa um fyrstu einkunn. Nemendur taka samtals 42 einingar í skyldunámskeiðum, 30 einingar í valnámskeiðum á fjölbreyttum sviðum opinberrar stjórnsýslu, skrifa 30 eininga lokaverkefni og hafi þeir ekki umtalsverða starfs- eða stjórnunarreynslu hjá hinu opinbera eða á sviðum sem því tengjast, taka þeir 18 einingar í starfsþjálfun hjá opinberri stofnun.

## Diplómanám í opinberri stjórnsýslu

30 eininga hagnýt námsleið þar sem tekin eru tvö skyldunámskeið: OSS111F Opinber stjórnsýsla (6e) og OSS204F Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana (6e), auk 18 eininga sem velja má úr öðrum námskeiðum opinberrar stjórnsýslu. Ekki er gerð krafa um fyrstu einkunn en kjósi nemendur að halda áfram og ljúka MPA-prófi, verða þeir að ná fyrstu einkunn að meðaltali í diplómanáminu.

## Diplómanám í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

Námið er ætlað núverandi (eða framtíðar-) stjórnendum í heilbrigðisþjónustu sem hafa eða hafa áhuga á mannaforráðum og/eða umtalsverða rekstrarábyrgð. Námið er skipulagt í samstarfi við Viðskiptafræðideild og Hjúkrunarfræðideild HÍ, auk samráðs við aðila í heilbrigðisþjónustu. Sjá nánar um námið og einstök námskeið í kynningarbæklingi:

[https://www.hi.is/sites/default/files/thbg/baeklingur\\_diploma\\_opinb\\_heilbr\\_2019-20\\_org.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/thbg/baeklingur_diploma_opinb_heilbr_2019-20_org.pdf)



## Skyldunámskeið í MPA-námi

OSS101F - Rekstrarhagfræði, markaðsbrestir og ríkisafskipti (6e), Haust

OSS111F - Opinber stjórnýsla (6e), Haust

OSS203F - Stjórnþæki hins opinbera (6e), Vor

STJ302F - Rannsóknaráætlanir og rannsóknarsnið meistararitgerða (6e), Haust

OSS202F - Skipulag og stjórnun stofnana (6e), Vor

OSS204F - Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana (6e), Vor

STJ201F - Hagnýt tölfræði (6e), Vor

OSS302F - Starfstími (18e)

OSS441L - MPA-ritgerð (30e), Haust, vor, sumar

## Valnámskeið í MPA- og diplómanámi

Framboð valnámskeiða er breytilegt milli ára

OSS102F - Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga (6e), Haust

OSS120F - Stefnumiðuð almannatengsl (6e), Haust

OSS121F - Skipulagsmál sveitarfélaga. Skipulag, stjórnsmál og umhverfi (6e), Haust

OSS122F - Eftirlitsumhverfið í opinberri starfsemi, Haust

OSS225F - Þáttur félagssálfræði og ákvarðanatökufraeði í opinberri stefnumótun og framkvæmd (6e), Vor

OSS201F - Stefnumótun stofnana (6e), Vor

OSS209F - Starfsumhverfi og stjórnun sveitarfélaga (6e), Vor

OSS210F - Fjármál og fjármálastjórnun hins opinbera (6e), Vor

OSS220F - Stefhubreytingar, nýsköpun og tengslanet í opinberri stjórnsýslu: Helstu kenningar (6e), Vor

OSS223F - Forysta og breytingastjórnun í opinberum rekstri- hlutverk stjórnenda (6e), Vor

ASK206F - Samningatækni - (6e), Vor - Aðeins í MPA-námi

Lýsingar á námskeiðunum má finna í kennsluskrá HÍ á hlekknum: <https://bit.ly/2x1DI10> Á heimasíðu stjórn málafræðideildar [www.stjornmal.hi.is](http://www.stjornmal.hi.is) er einnig bæklingurinn Framhaldsnám í stjórn málafræðideild fyrir námsárið 2019-2020. Ath. Þó breytingar á námskeiðum veturinn 2020-2021 sbr. ofangreindan lista yfir námskeið og hlekk á kennsluskrá.

## Möguleiki á sérhæfingu MPA-nema á fjórtán fagsviðum Háskóla Íslands

MPA-nemum býðst að taka valnámskeiðin og lokaverkefni á eftirfarandi fagsviðum: alþjóðasamskiptum, Evrópurétti, fjölmiðlun og boðskipti, fötlunarfræðum, hagnýtum jafnréttisfræðum, nýsköpun og þróun þjónustu og starfshátta, lýðheilsuvisindum, mannauðsstjórnun, stjórnsýslurétti, umhverfisstjórnun, þjóðarrétti, stjórnun menntastofnana, upplýsingastjórnun og rafrænum samskiptum, stjórnsýslu sveitarfélaga og verkefnastjórnun.

Aðrir, þ.e. þeir sem kjósa hin almennu námsleið án sérhæfingar, geta sótt valnámskeið á þessum sviðum. Kennslutími og annað fyrirkomulag er ákveðið af þeim deildum sem námskeiðin eru kennd við. Þau eru almennt ekki kennd í fjarnámi.

## Hluti MPA-náms tekinn erlendis

Háskóli Íslands er með samstarfssamninga við mikinn fjölda erlendra háskóla, þar sem þeir sem eru innritaðir í HÍ geta tekið hluta af námi sínu. Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands.

## Umsóknarfrestir og nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur um meistaranámið er til 15. apríl eða 15. október en diplómanámið til 5. júní eða 30. nóvember. Rafræn umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Háskóla Íslands.

Kostnaður: Árlegt innritunargjald Háskóla Íslands

Nánari upplýsingar um námið veita:

Elva Ellertsdóttir, deildarstjóri Stjórn málafræðideildar, s. 525 4573 netfang: [nemFVS@hi.is](mailto:nemFVS@hi.is).

Margrét S. Björnsdóttir s. 525 4254, netfang: [msb@hi.is](mailto:msb@hi.is)

## Skrifstofa Stjórn málafræðideildar

Gimli  
við Sæmundargötu  
101 Reykjavík  
Sími 525 4500  
[nemFVS@hi.is](mailto:nemFVS@hi.is)  
[stjornmal.hi.is](http://stjornmal.hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
STJÓRN MÁLAFRÆÐI EILD